

# Menntaáætlun ESB á Íslandi

## Árbók 2007-2009

Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme

Útgefið: Landskrifstofa Menntaáætlunar Evrópusambandsins, 2009
Netfang: lme@hi.is
Veffang: www.lme.is
Leonardo: Dunhaga 5, 107 Reykjavík
Erasmus, Comenius, Grundtvig: Háskólatorgi, 101 Reykjavík

Þessi útgáfa er styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Ritið endurspeglar eingöngu afstöðu höfunda þess og Framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr því eru nýttar.

Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme

# MENNTAÁÆTLUN ESB Á ÍSLANDI
# ÁRBÓK 2007-2009

## Efnisyfirlit


**Ávarp forstöðumanna** ..... 5

**Comenius**
Leik-, grunn- og framhaldsskólar ..... 6

**Erasmus**
Háskólastigið ..... 8

**Leonardo**
Starfsmenntun ..... 10

**Grundtvig**
Fullorðinsfræðsla ..... 12

**Námsheimsóknir** ..... 14

**eTwinning** ..... 15

**Europass** ..... 16

**Euroguidance** ..... 17

**Helstu viðburðir** 2007-2009 ..... 18

**Úthlutanir og rekstur** 2007-2009 ..... 19

**Lögaðilar** sem fengu útlutað styrk úr
Menntaáætlun ESB 2007- 2009 ..... 20

**Útgáfa** ..... 22

**Stjórn og starfsfólk** ..... 23

**Myndir frá opnunar-ráðstefnu nýrrar Menntaáætlunar ESB í Borgarleikhúsinu 1. febrúar 2007**



# EIN MENNTAÁÆTLUN ESB EIN LANDSKRIFSTOFA

Árið 2007 var ýtt úr vör nýrri menntaáætlun ESB – **Lifelong Learning Programme** – sem tók við af fyrri áætlunum Leonardo da Vinci og Socrates. Með því náðist sá áfangi að sameina undir einum hatti allar samstarfsáætlanir Evrópusambandsins sem lúta að menntun og starfsþjálfun einstaklinga frá vöggu til grafar. Sett var upp ein landskrifstofa fyrir áætlunina og skipaði menntamálaráðherra sjö manna stjórn á grundvelli tilnefninga frá ýmsum hagsmunaaðilum. Líkt og með fyrri áætlanir, sér Háskóli Íslands um rekstur landskrifstofunnar og skipta Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands og Rannsóknaþjónusta Háskóla Íslands með sér verkum þannig að Alþjóðaskrifstofan sér um Comenius, Erasmus og Grundtvig, en Rannsóknaþjónustan um Leonardo da Vinci og Námsheimsóknir. Sameiginlega sjá skrifstofurnar um þveráætlanir.

Hinni nýju Menntaáætlun var vel tekið á Íslandi eins og fyrirrennurum hennar og hefur framkvæmdin gengið mjög vel. Landskrifstofa Menntaáætlunarinnar hefur úthlutað 7.926.813 evrum á þessum þremur árum til 372 verkefna sem snerta beinlínis að minnsta kosti 3.500 einstaklinga.

**Ágúst Hjörtur Ingþórsson**
Forstöðumaður
Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands

Í þessari útgáfu er veitt yfirlit yfir framkvæmd áætlunarinnar 2007-2009. Gerð er grein fyrir hverri undiráætlun og verkefnaflokkum sérstaklega og einnig þeim stoðverkefnum sem fjármögnuð eru af áætluninni og rekin eru af Alþjóðaskrifstofunni og Rannsóknaþjónustunni.

Tilgangurin er að vekja athygli á fjölbreytninni og umfangi þátttökunnar. Allir háskólar landsins, flestir framhaldsskólar og margir grunn- og leikskólar taka þátt í áætluninni. Það sama á við um fjölmarga aðra fræðsluaðila, svo sem símenntamiðstöðvar og einstök fyrirtæki sem eru virk í menntun og starfsþjálfun. Þess vegna eru settar fram tölur um umfangið en jafnframt dæmi um verkefni í hverjum hluta til að ljá tölunum innihald og samhengi. Óhætt er að fullyrða að þessi mikla þátttaka hefur áhrif á menntakerfið í heild sinni og þá menntun og starfsþjálfun sem Íslendingum stendur til boða.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB þökkum við fyrir þær góðu móttökur sem áætlunin hefur fengið síðustu þrjú árin. Við erum þess jafnframt fullviss að Menntaáætlun ESB mun halda áfram að gegna mikilvægu hlutverki í íslensku menntakerfi á komandi árum.

**Karítas Kvaran**
Forstöðumaður
Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands

# COMENIUS

## LEIK-, GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLAR

www.comenius.is

**COMENIUS er skólastarfshluti Menntaáætlunar Evrópusambandsins og er nefndur eftir tékkneska guðfræðingnum, heimspekingnum og uppeldisfrömuðinum Johann Amos Comenius (1592-1670). Hann var sannfærður um að menntun skipti höfuðmáli í þroskaferli mannsins.**

| COMENIUS | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | | | 2008 | | | 2009 | | |
| Skólasamstarfsverkefni | 47 | 322 | 429.800 | 24 | 400 | 434.500 | 25 | 484 | 374.000 |
| Nemendaskiptaverkefni | 1 | 15 | 11.200 | 2 | 48 | 40.000 | 4 | 100 | 80.000 |
| Endurmenntun kennara | x | 62 | 98.837 | x | 66 | 95.985 | x | 81 | 130.900 |
| Undirbúningsheimsóknir | 11 | 13 | 15.450 | 9 | 15 | 17.220 | 18 | 24 | 33.754 |
| Aðstoðarkennsla | 1 | 1 | 4.590 | x | 2 | 14.383 | x | 3 | 14.346 |
| Þjálfun kennaranema (í gildi 2007 og 2008) | 1 | 10 | 7.000 | 1 | 10 | 7.000 | x | x | x |
| Comenius Regio | x | x | x | x | x | x | x | x | 20.000 |
| **Heildartala** | **61** | **423** | **566.877** | **36** | **541** | **609.088** | **47** | **692** | **653.000** |

## Lýsing á Comenius

Comenius miðar að því að koma á gæðastarfi í skólum og tryggja Evrópuvitund í menntun. Styrkt eru fjölþjóðleg samstarfsverkefni skóla víðs vegar í Evrópu. Einnig er lögð áhersla á að auka möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar kennara og efla tungumálanám á öllum skólastigum. Comenius skiptist í skólasamstarfsverkefni, nemendaskiptaverkefni, endurmenntun kennara, undirbúningsheimsóknir, Comenius aðstoðarkennslu og þjálfun kennaranema.

## Markmið

- að ýta undir nemenda- og kennaraskipti i Evrópu
- að árið 2010 hafi a.m.k. 3 milljónir nemenda tekið þátt í Comeniusverkefnum
- að hvetja til tungumálanáms, tölvulæsis og betri kennslutækni
- að efla Evrópuvitund og gæði í kennaramenntun og skólastjórnun

„Ég hvet alla sem fá tækifæri til að taka þátt í Comeniusverkefni að slá til.“

- Þátttakandi í nemendaskiptaverkefni

# Hverjir geta tekið þátt?

**Leik-, grunn-, og framhaldsskólar og flestir sem að skólastarfi koma; stjórnendur, kennarar, nemendur, starfsmenn skóla, skólayfirvöld, foreldrasamtök, sveitarfélög o.fl.**

**Skólasamstarfsverkefni:**
**Ljóti andarunginn, frásagnir og ævintýri í Evrópu 2007-2008**

**Íslenskur styrkþegi:**
Leikskólinn Drafnarborg

**Samstarfslönd:** Írland, Spánn og Tyrkland

**Markmið samstarfs:**
- Að hver skóli kynni land sitt og menningu fyrir samstarfsskólunum á skemmtilegan og aðgengilegan hátt
- Að kynna a.m.k. 2 þjóðsögur og ævintýri frá hverju landi á sem fjölbreytilegastan máta
- Að vinna með eitt ævintýri HC Andersen á hverju ári
- Að byggja upp samband milli samstarfsskólanna og efla samvinnu nemenda, starfsfólks og foreldra
- Að auka skilning á menningu annarra þjóða

**Afurð verkefnis:** Bækur og bæklingar. Efni á myndböndum og geisladiskum t.d. leikrit, tónlist, leikir, myndlist og uppeldisfræðilegt efni.

**Nemendaskipti:**
**From Geysers to Marismas 2007-2009**

**Íslenskur styrkþegi:**
Menntaskólinn að Laugarvatni

**Samstarfsland:** Spánn

**Markmið samstarfs:**
- Að hvetja nemendur til að læra erlend tungumál og veita þeim innsýn í tungumál samskiptalandsins
- Að hlúa að persónulegum samskiptum milli nemenda frá tveimur ólíkum löndum í Evrópu
- Að nemendur kynnist bæði jarðfræðilegum og líffræðilegum þáttum beggja landa, með sérstakri áherslu á séreinkenni eins og eldvirkni, jökla og Atlantshafshrygginn á Íslandi og námur og fuglalíf á Spáni
- Að nemendur fái innsýn í sögu samskiptalandsins
- Að nemendur kynnist menningu samskiptalandsins
- Að gera nemendur meðvitaðri um möguleikann á háskólanámi erlendis (með heimsóknum í háskóla í báðum löndunum)

**Afurð verkefnis:** Glærusýningar með kynningum á tungumálunum, ýmis verkefni og veggspjöld með upplýsingum um jarðfræði, sögu, tungumál og líffræðileg atriði tengd báðum löndum. Einnig myndir sem settar eru á heimasíður skólanna.

**Styrkir til endurmenntunar kennara:**
Rúmlega 200 kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi fengu Comenius-styrki árin 2007, 2008 og 2009 til að sækja endurmenntun í sínu fagi. Kennarar sækja menntun sína vítt og breitt til Evrópu og sífellt eykst framboð námskeiða. Einnig hafa kennarar fundið námskeið sjálfir eða óskað eftir að fara og fylgjast með starfi kennara í evrópskum skólum.

**„Sérstaklega er skemmtilegt hvernig svona verkefni fá nemendur til að líta sér nær við verkefnavinnu auk þess að kynnast verkefnum og lífi barna í öðrum löndum.“**

- Þátttakandi í skólasamstarfsverkefni

# ERASMUS

## HÁSKÓLASTIGIÐ

www.erasmus.is

**ERASMUS er háskólahluti Menntaáætlunar Evrópusambandsins. Hann er nefndur eftir hollenska húmanistanum og guðfræðingnum Desiderius Erasmus (1466-1536), en kenningar hans höfðu mikil áhrif á þróun kennsluhátta í Evrópu.**

| Erasmus | 2007 Fjöldi verkefna | 2007 Fjöldi styrkþega | 2007 Upphæð styrks € | 2008 Fjöldi verkefna | 2008 Fjöldi styrkþega | 2008 Upphæð styrks € | 2009 Fjöldi verkefna | 2009 Fjöldi styrkþega | 2009 Upphæð styrks € |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stúdentaskipti | 7 | 216 | 507.499 | 6 | 198 | 549.750 € | 6 | 230 | 590.000 € |
| Kennara og starfsmannaskipti | 7 | 78 | 98.396 € | 6 | 100 | 119.723 € | 6 | 85 | 100.000 € |
| Hraðnámskeið/Sumarskóli | 1 | 32 | 35.063 € | 1 | 32 | 43.980 € | 1 | 32 | 42.000 € |
| Íslenskunámskeið fyrir erlenda skiptinema | 1 | 53 | 17.087 € | 1 | 49 | 19.000 € | 1 | 60 | 18.000 € |
| Undirbúnings og skipulags-styrkir fyrir háskóla | 7 | 7 | 65.751 € | 6 | 6 | 51.310 € | 6 | 6 | 59.000 € |
| **Heildartala** | **23** | **393** | **724.168** | **20** | **378** | **783.763 €** | **20** | **405** | **809.000 €** |

## Lýsing á Erasmus

Erasmus er ætlað að stuðla að auknu samstarfi háskóla í Evrópu. Erasmus styrkir ýmis konar verkefni, s.s. stúdenta- og kennaraskipti, námsferðir starfsfólks háskóla og fólks í atvinnulífinu, sameiginlegt námskeiðahald, o.fl. Þannig styður Erasmus Bologna-ferlið, sem stefnir að samfelldu evrópsku háskólasamfélagi. Erasmus hefur styrkt margvíslegt samstarf á háskólastigi í 20 ár. Markmiðið er að auka evrópskt samstarf og Evrópuvitund háskólafólks. Erasmus skiptist í stúdentaskipti, kennara- og starfsmannaskipti, hraðnámskeið/sumarskóla, íslenskunámskeið fyrir erlenda skiptinema og undirbúnings- og skipulagsstyrki fyrir háskóla.

## Markmið

- Stuðla að samevrópsku menntasvæði á háskólastigi
- Efla gæði og umfang í samstarfi evrópskra háskólastofnana
- Stuðla að samhæfingu náms á háskólastigi og iðnnáms á hærri stigum jafnframt því að auka gegnsæi þessara kerfa.
- Hvetja til nýsköpunar í kennslu og starfsþjálfun á háskólastigi og stuðla að því að góðar lausnir berist milli landa.

**„Með því að fara til annarrar borgar gefst manni tækifæri til að upplifa sig í samhengi við stærri og margbrotnari heim, og á endanum að tilheyra honum. Þegar litið er um öxl er hægt að spyrja sig hver maður væri án þeirrar reynslu.“**

- Stúdent sem dvaldi í París

# Hverjir geta tekið þátt?

## Háskólastúdentar, háskólakennarar og starfsfólk háskóla

**Erasmus hraðnámskeið: Alþjóðlegur sumarskóli Rannsóknaseturs um smáríki. 2007, 2008 og 2009.**

**Samstarfslönd:** Ísland, Danmörk, Svíþjóð, Holland, Bretland, Írland, Malta, Slóvenía, Slóvakía, Litháen.

**Íslenskur styrkþegi:** Alþjóðamálastofnun

Um fjórir tugir nemenda og kennara frá 16 löndum taka þátt í smáríkjaskóla Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands. Heimsþekktir erlendir fræðimenn á sviði smáríkjarannsókna og Evrópufræða sinna kennslu á námskeiðinu, sem er fjármagnað með Erasmusstyrk frá Evrópusambandinu. Smáríkjasetrið hefur þrisvar sinnum hlotið þennan þriggja ára styrk til að reka sumarskóla um smáríki og Evrópusamrunann. Árið 2009 er fyrsta árið af þremur þar sem umfjöllunarefni sumarskólans eru smáríki og öryggismál. Skólinn, sem er starfræktur í tvær vikur á sumri, er haldinn í samstarfi við fjórtán erlenda háskóla og er opinn bæði innlendum og erlendum nemendum á B.A. og M.A. stigi.

Sumarskólinn er einstakt tækifæri fyrir nemendur til að sækja sér þekkingu til bestu fræðimanna heims á þessu sviði. Hann er þegar orðinn vel þekktur meðal háskólasamfélagsins í Evrópu sem marka má af því að á hverju ári sækja mun fleiri um inngöngu en pláss er fyrir, bæði kennarar og nemendur. Auk þess að sitja fyrirlestra sækja nemendur ýmis embætti, samtök og stofnanir heim, m.a. forseta Íslands, utanríkisráðuneytið og Alþingi.

**Erasmus íslenskunámskeið:**

Árlega er boðið upp á íslenskunámskeið í ágúst fyrir Erasmus skiptinema sem eru að koma til náms við íslenska háskóla. Háskólasetur Vestfjarða hefur haldið námskeiðið síðustu ár. Námskeiðið er opið fyrir alla skiptinema en flestir koma gegnum Erasmus.

Kennslan fer að mestu fram að Núpi í Dýrafirði en flestir nemendurnir búa þar einnig meðan á námskeiðinu stendur. Talsvert af kennslunni fer einnig fram í Háskólasetrinu á Ísafirði og raunar um allan bæ því áhersla er lögð á að nemendur noti það sem þeir læra í kennslustundunum við raunverulegar aðstæður. Íbúar á Ísafirði hafa verið einkar hjálplegir hvað þetta varðar og duglegir að tala eingöngu íslensku við nemendurna.

Hefðbundin kennsla fer fram fyrir hádegi en síðan er boðið upp á valnámskeið eftir hádegi og hafa þau verið mjög fjölbreytt. Sem dæmi má nefna námskeið í sultugerð, í búðarferðum, í notkun íslenskra slangurorða, námskeið um ljóð ísfirska skáldsins Eiríks Arnar Norðdahl og námskeið um sjónvarpsfréttir, svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur hafa verið einstaklega ánægðir með námskeiðið og þann möguleika að fá að upplifa dvöl á Íslandi utan Reykjavikur þar sem flestir stúdentar munu stunda nám.

**Erasmus stúdenta- og starfsmannaskipti:**

**Samstarfslönd:** Stúdenta- og starfsmannaskipti byggja á samstarfssamningum háskóla. Íslenskir háskólar hafa gert samninga við háskóla í öllum Evrópusambandslöndum.

Stúdenta- og starfsmannaskipti eru mikilvægasti þátturinn í Erasmus. Allir íslensku háskólarnir hafa tekið þátt og hafa gert lengi.

Erasmus gerir stúdentum kleift að stunda nám eða starfsnám í öðru þátttökulandi í 3-12 mánuði. Stúdentar eiga að geta flust á milli háskóla, án þess að það tefji þá í námi. Skilyrði er að háskólar skuldbindi sig til að meta nám eða starfsþjálfun stúdenta erlendis sem hluta af námi þeirra. Þegar um starfsnám er að ræða er ekki víst að hægt sé að meta námið til eininga en þá skal tiltaka þá reynslu í skírteinisviðauka við útskrift. Á síðustu árum hafa um 200 stúdentar farið frá Íslandi á ári en á móti hafa um 300 stúdentar komið hingað til lands gegnum áætlunina.

Erasmus gerir starfsmönnum kleift að fara sem gestakennarar til samstarfsskóla eða fara í starfsþjálfun til samstarfsskóla eða annarrar stofnunar (þarf ekki að vera háskóli). Eftirspurn eftir þessum styrkjum hefur aukist mikið á milli ára. Skólaárið 2008-2009 fóru 100 kennarar og starfsmenn út á vegum Erasmus. Svipaður fjöldi kemur á móti til Íslands (tölur ekki aðgengilegar).

# LEONARDO

## STARFSMENNTUN

## www.leonardo.is

**LEONARDO er starfsmenntahluti Menntaáætlunar Evrópusambandsins og dregur nafn sitt af frumkvöðlinum og hugvitsmanninum Leonardo da Vinci. Það er vel við hæfi því hugvit og nýsköpun eru í forgrunni. Verkefnin sem Leonardo styrkir eiga að koma fólki á vinnumarkaði eða fólki í starfsnámi til góða auk þess að efla samstarf skóla og annarra fræðslustofnana og atvinnulífs.**

| LEONARDO | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | | | 2008 | | | 2009 | | |
| Starfsþjálfun fyrir nemendur í starfsmenntaskólum, í starfsnámi og á samningi (IVT) | 6 | 63 | 103.036 | 11 | 71 | 116.100 | 6 | 62 | 135.060 |
| Starfsþjálfun fyrir fólk á vinnumarkaði (PLM) | 2 | 47 | 103.087 | 3 | 39 | 81.951 | 5 | 38 | 106.821 |
| Þjálfun starfsmanna; kennara, leiðbeinenda, fræðslustjóra o.fl. (VETPRO) | 13 | 101 | 120.274 | 14 | 95 | 108.000 | 10 | 51 | 83.119 |
| Samstarfsverkefni | x | x | x | 5 | x | 82.200 | 7 | x | 104.000 |
| Yfirfærsluverkefni | 4 | x | 751.844 | 4 | x | 726.949 | 3 | x | 723.574 |
| Undirbúningsheimsóknir | 11 | 11 | 14.801 | 14 | 14 | 19.012 | 20 | 20 | 30.912 |
| **Heildartala** | **36** | **222** | **1.093.042** | **51** | **219** | **1.134.212** | **50** | **170** | **1.183.487** |

## Lýsing á Leonardo

Leonardo er ætlað tvíþætt hlutverk. Annars vegar að geta af sér nýjungar í starfsmenntun og hins vegar að gefa nemendum í iðn- og starfsnámi og fólki á vinnumarkaði tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í rúmlega 30 Evrópulöndum. Leonardo starsmenntahlutinn skiptist í mannaskiptaverkefni (starfsþjálfun fyrir nemendur og fólk á vinnumarkaði og starfsmannaskipti), samstarfsverkefni og yfirfærsluverkefni. Einnig er hægt að sækja um undirbúningsstyrki vegna verkefnaumsókna.

## Markmið

- Að styðja einstaklinga til þátttöku í sí- og endurmenntun sem miðar að því að auka kunnáttu og færni og efla persónulega hæfni þeirra
- Að efla gæði og styðja við nýsköpun í starfsmenntun innan fræðslu- og menntastofnana og í vinnustaðanámi
- Að auka aðdráttarafl starfsmenntunar og starfsþjálfunar meðal atvinnurekenda og einstaklinga og greiða fyrir hreyfanleika nemenda í starfsþjálfun

# Hverjir geta tekið þátt?

**Lögaðilar, opinberir aðilar, fyrirtæki, skólar og stofnanir, félög eða samtök sem tengjast starfsmenntun og starfsþjálfun**

**Yfirfærsluverkefni: Radiophonic Narration (RANA) 2007-2009.**

**Íslenskur styrkþegi:** Kvikmyndaskóli Íslands

**Samstarfslönd:** Ísland, Danmörk, Svíþjóð og Grænland

RANA-verkefnið miðar að því að styrkja gerð fléttu- og heimildaþátta fyrir útvarp á Íslandi og Grænlandi. Í evrópsku útvarpi er rík hefð fyrir heimildaþáttum í útvarpi og í náminu hefur verið leitast við að beisla sagnahefð þjóðanna tveggja á þessum vettvangi. Námið sjálft fór fram í Nuuk, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Reykjavík. Leiðbeinendurnir voru margreyndir og verðlaunaðir útvarpsmenn víðs vegar að úr heiminum. Námið var á vegum Kvikmyndaskóla Íslands í samvinnu við háskólann og blaðamannaháskólann á Grænlandi, Dramatiska Institutet í Stokkhólmi og danska ríkisútvarpið. Aðrir samstarfsaðilar voru íslenska ríkisútvarpið (RÚV), grænlenska útvarpið (KNR) og Miðstöð munnlegrar sögu á Íslandi. Tveir nemenda Kvikmyndaskóla Íslands voru tilnefndir til hinna virtu Prix Europaverðlauna í flokki heimildaþátta fyrir útvarp árið 2009.

**Heimasíða verkefnis: www.this.is/rana/ www.facebook.com/ranafans**

**Mannaskiptaverkefni: Introducing students to new materials and cutting edge manufacturing processes in ceramic industry – 2009.**

**Íslenskur styrkþegi:** Myndlistaskólinn í Reykjavík

**Samstarfslönd:** Ísland, Þýskaland.

Nemendur Myndlistaskólans í Reykjavík fóru með kennurum í 2ja vikna kynnisferð til Þýskalands. Þar kynntust þeir fjölmörgum hliðum keramikframleiðslu og heimsóttu bæði skóla og fyrirtæki. Þessi ferð var mjög vel undirbúin í samvinnu við þýskan skóla og er hluti af skilgreindu námi Myndlistaskólans. Nemendur og kennarar hafa nýtt sér sambönd og vitneskju í framhaldi af ferðinni. Meðal annars hefur skólanum verið boðið að senda verk nemenda á stóra sýningu í Þýskalandi, kennarar frá Þýskalandi hafa komið til Íslands og kennt og unnið að endurbótum á kennsluaðstöðu og nemendur og kennarar hafa kannað möguleika á framleiðslu verka í Þýskalandi. Með heimsókninni gátu nemendur og kennarar borið saman nám sitt og starfsumhverfi og séð hvaða þætti mætti bæta og hvar styrkurinn lá.

**Samstarfsverkefni: Quality in the Vocational Education and Training System – QUAVETS – 2008-2010.**

**Íslenskur styrkþegi:** Iðan - fræðslusetur

**Samstarfslönd:** Ísland, Noregur, Bretland, Portúgal, Litháen og Spánn

Samstarfsverkefni eru nýr verkefnaflokkur innan Leonardo og fyrstu verkefnin sem eru til 2ja ára hófust árið 2008. Því er engum verkefnum ennþá lokið en verkefnin sem fengu stuðning 2008 u.þ.b. hálfnuð með sína vinnu. Í verkefni Iðunnar-fræðsluseturs eru samstarfsaðilar að fjalla um gæði í starfsmenntun á sviði byggingagreina, ferðaþjónustu, umönnunar og matvælavinnslu. Markmiðið er að bera saman og þróa viðmiðunarkerfi sem getur stuðlað að auknum gæðum og samræmingu starfsnáms í viðkomandi greinum.

**"Dvölin var stórkostleg og reynslan ógleymanleg. Vinasambönd mynduðust sem endast að eilífu. Ef mér byðist annað tækifæri myndi ég ekki hugsa mig tvisvar um."**

- Þátttakandi í mannaskiptaverkefni

# GRUNDTVIG

## FULLORÐINSFRÆÐSLA

www.grundtvig.is

**GRUNDTVIG er fullorðinsfræðsluhluti Menntaáætlunar Evrópusambandsins og er nefndur eftir danska guðfræðingnum og ljóðskáldinu Nicolai Frederik Severin Grundtvig (1783-1872). Hann lagði grunninn að fullorðinsfræðslu með verkinu „Skolen for livet" þar sem hugmyndin um stofnun lýðháskóla var sett fram.**

| GRUNDTVIG | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € | Fjöldi verkefna | Fjöldi styrkþega | Upphæð styrks € |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2007 | | | 2008 | | | 2009 | | |
| Samstarfsverkefni | 5 | x | 55.120 | 4 | x | 68.000 | 7 | x | 114.000 |
| Undirbúningsheimsóknir | 3 | 3 | 3.600 | 4 | 4 | 5.300 | 3 | 6 | 8.500 |
| Endurmenntun | x | 6 | 9.834 | x | 8 | 9.670 | x | 9 | 17.800 |
| Vinnustofur | x | x | x | x | x | x | 1 | x | 19.050 |
| Sjálfboðaliðaverkefni 50+ | x | x | x | x | x | x | 1 | x | 15.880 |
| Námsferðir | x | x | x | x | x | x | x | 11 | 8.240 |
| **Heildartala** | **8** | **9** | **68.554** | **8** | **12** | **82.970** | **12** | **26** | **183.470** |

## Lýsing á Grundtvig

Með Grundtvig er stefnt að því að efla Evrópuvitund í símenntun/endurmenntun með evrópsku samstarfi og tengja saman fullorðinsfræðslustofnanir vítt og breitt um Evrópu. Reynt verður að kynna nýjungar, auka gæði menntunar og auðvelda aðgengi fullorðinna að námi. Grundvig skiptist í samstarfsverkefni, endurmenntun, vinnustofur, sjálfboðaliðsverkefni 50+ og námsferðir. Einnig er hægt að sækja um undirbúningsstyrki vegna verkefnaumsókna.

## Markmið

- Að hvetja til símenntunar og endurmenntunar með evrópsku samstarfi
- Stuðla að þróun hagnýtra afurða og nothæfs árangurs verkefna sem hægt er að nýta í mörgum þátttökuríkjum
- Stuðla að samvinnu evrópskra fullorðinsfræðslustofnana
- Bæta gæði menntunar þeirra sem kenna fullorðnum
- Auka umræðu um símenntun og kynna það sem vel hefur verið gert.

**„Þátttaka í verkefni sem þessu er mikilvæg fyrir þróun þekkingar og þjónustu og eykur möguleika nemenda ekki síður en fagfólks sem starfar á þessum vettvangi."**

- Þátttakandi í fullorðinsfræðsluverkefni

# Hverjir geta tekið þátt?

**Allar stofnanir og fyrirtæki sem sinna fullorðinsfræðslu, endurmenntunarstofnanir, háskólar sem vinna að rannsóknum á námsefni og/eða námsefnisgerð fyrir fullorðinsfræðslu, stofnanir sem þjálfa kennara í fullorðinsfræðslu, samtök, stéttarfélög, bókasöfn, söfn, sveitarfélög o.fl.**

**Samstarfsverkefni: „Active"-samstarfsverkefni um menntun og atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra einstaklinga með viðbótarfatlanir 2007-2008.**

**Íslenskur styrkþegi:** Blindrafélagið

**Samstarfslönd:** Ísland, Danmörk, Finnland, Írland, Ítalía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland og Þýskaland.

Verkefnið er þriggja ára samstarfsverkefni um menntun og atvinnuþátttöku blindra og sjónskertra einstaklinga með viðbótarfatlanir. Þátttakendur í ACTIVE samstarfinu eru nemendur, foreldrar og fagfólk sem tengist menntun og endurhæfingu blindra og sjónskertra einstaklinga á aldrinum 16–25 ára. Samstarfsaðilar á Íslandi eru Blindrafélagið, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Flensborg.

Markmið verkefnisins er að þróa leiðir til að brúa bilið milli framhaldsskóla og atvinnulífs annars vegar og atvinnulífs og símenntunar (lifelong learning) hins vegar og auka möguleika á fjölbreyttu náms- og starfsvali. Hlutfall atvinnuleysis í löndunum sem er frá 2 – 20% hefur veruleg áhrif á viðhorf og atvinnumöguleika. Auk þess takast á ólíkar hugmyndir um atvinnuþátttöku annars vegar og þörf einstaklinga fyrir þjónustu og umönnun hins vegar. Einn helsti styrkleiki Active-verkefnisins felst í fjölbreyttum bakgrunni þátttakenda sem byggir meðal annars á ólíkri menningu og þjóðfélagsaðstæðum.

**Samstarfsverkefni: Fullorðinsfræðsla – hvernig örva má fjölmenningarlega- og frumkvöðlafærni í kennslu fyrir fullorðna 2008 – 2010**

**Íslenskur styrkþegi:** Intercultural Iceland

**Samstarfslönd:** Ísland, Þýskaland, Ítalía og Spánn.

Verkefnið leggur sérstaka áherslu á kennslu svokallaðra jaðarhópa í samfélaginu. Auk þess býður ICI upp á endurmenntunarnámskeið í fjölmenningarlegri samræðu fyrir kennara og starfsfólk fullorðinsfræðslu víðs vegar að úr Evrópu.

**Nánari upplýsingar: www.ici.is**

**Grundtvig-vinnustofa 2009:**
Vinnustofan sem ICI bauð upp á bar nafnið „Intercultural competence in a new environment" Þátttakendur voru þrettán talsins frá átta löndum.

Við val á þátttakendum var sérstaklega haft til hliðsjónar að fjölbreytileikinn væri sem mestur innan hópsins hvað varðar aldur, menntun, starfsvettvang og búsetu. Þannig var yngsti þátttakandinn 19 ára og sá elsti 67 ára.

Allir þátttakendur deildu þeim áhuga að bæta fjölmenningarlega færni sína og að þeir væru nemendur í einhverskonar enskunámi. Hvað enskukunnáttu varðar var þar einnig horft til fjölbreytileikans þannig að bæði byrjendur í ensku og lengra komnir voru valdir til þátttöku.

Vinnustofan gekk afar vel og sýndi matið sem fram fór eftir vinnustofuna afar jákvæð viðbrögð þátttakenda, en einnig var munurinn í sjálfstrausti, samskiptum og samvinnu svo augljós að þessum fimm dögum liðnum að enginn vafi var á árangrinum. Síðan vinnustofunni lauk hafa þátttakendur allir skráð sig inn á Facebook og halda sambandi þar og skiptast t.d. á myndum og smáfréttum og halda þannig áfram að þjálfa enskuna.

**Fjórir nýir verkefnaflokkar árið 2009:**
Árið 2009 bættust fjórir verkefnaflokkar við Grundtvig. Þeir eru: námsferðir/skipti, aðstoðarkennsla í fullorðinsfræðslu, Grundtvig-vinnustofur og sjálfboðaverkefni fyrir 50 ára og eldri.

Ásókn í endurmenntun fyrir fullorðinsfræðslu jókst um helming á milli ára og 20 manns fengu styrki til hvers konar endurmenntunar árið 2009. Ein Grundtvig-vinnustofa var samþykkt og eitt sjálfboðaverkefni. Ásókn í Grundtvig samstarfsverkefni/learning partnership jókst um ríflega 60% á milli ára og eru nú sjö verkefni styrkt í stað fjögurra árið 2008. Á þessum tölum má sjá að Grundtvig hefur skapað sér mikilvægan sess á sviði fullorðinsfræðslu.

# NÁMSHEIMSÓKNIR

**www.lme.is/page/namsheimsoknir**

## Lýsing á áætluninni

Námsheimsóknir, sem starfræktar voru áður undir heitunum ARION og CEDEFOP voru sameinaðar á árinu 2008 og eru nú hluti af Menntaáætlun ESB.

## Markmið

Námsheimsóknirnar eru ein af þveráætlunum Menntaáætlunarinnar og er þeim ætlað að styðja við stefnumótun og samstarf í Evrópu með tilvísun í Lissabon-ferlið, Menntun og þjálfun 2010 og Bologna- og Kaupmannahafnar-yfirlýsingarnar. Námsheimsóknir eru þriggja til fimm daga heimsóknir smærri (hámark 15 manna) hópa sérfræðinga og ákvarðanatakenda frá Evrópu til tiltekins lands með það að markmiði að kynnast mennta- eða fagsviði í einu landi auk þess að stuðla að tengslamyndun þátttakenda og móttakenda.

## Hverjir geta tekið þátt

Sex til sjö Íslendingum gefst kostur á að fara í námsferð á hverju ári og er áhersla lögð á að þátttakendur séu jafnt leiðbeinendur og stjórnendur frá öllum skólastigum og atvinnulífinu. Um 300 ólíkar námsferðir eru í boði árlega og eru allar nánari upplýsingar og yfirlit yfir námsheimsóknir á vefsíðu **CEDEFOP http://studyvisits.cedefop.europa.eu/**

Frá og með árinu 2010 verður umsóknarfrestur vegna þátttöku í námsheimsóknum tvisvar á ári, á vorin og haustin.

## Dæmi um námsheimsóknir

Árin 2007, 2008 og 2009 tók Landsskrifstofan á móti einni heimsókn erlendra sérfræðinga á ári. 2007 var fjallað um samstarf atvinnulífs og skóla, árið 2008 um mat á formlegu og óformlegu námi og 2009 var þema heimsóknarinnar tæki til mats á formlegu og óformlegu námi og innleiðing þeirra.

Dæmigerð heimsókn hefst með óformlegum fundi þátttakenda, boðið er upp á léttar veitingar, dagskrá heimsóknarinnar er kynnt og fólki gefinn kostur á að kynna sig. Hefðbundin dagskrá hefst síðan yfirleitt á heimsókn í menntamálaráðuneyti gestgjafalands og almennri kynningu á menntakerfi landins. Eftir það er farið í 2 til 4 heimsóknir á dag á áhugaverða staði sem tengjast þema heimsóknarinnar, þátttakendum kynnt starfsemi og hvatt til umræðna um það sem er líkt og ólíkt milli landa og þjóða. Áhersla er lögð á að fólk ræði saman á óformlegum nótum, þannig að tengslamyndun verði milli þátttakenda og þeirra sem taka á móti hópunum. Mörg dæmi eru um að þátttakendur í námsheimsóknum hafi myndað tengslahópa sem síðan hafa undið upp á sig og seinna orðið að verkefnishópum.

Til gamans má nefna að pólskum skólastjórnanda sem kom til Íslands í námsheimsókn í október 2007, fannst aðstaða og kennsla í Iðnskólanum í Hafnarfirði svo áhugaverð að strax eftir áramót 2008 skipulagði hann sjálfur heimsókn fyrir hóp Pólverja í skólann. Hann sótti um styrk til fararinnar hjá Menntaáætlun Evrópusambandsins.

# eTwinning – rafrænt skólasamstarf

**www.etwinning.is**

**www.etwinning.net**

## Lýsing á eTwinning

eTwinning snýr að rafrænu skólasamstarfi og heyrir undir Comenius. eTwinning stuðlar að samvinnu milli skóla í Evrópu með notkun upplýsingatækni. eTwinning er mjög sveigjanlegt og byggir fyrst og fremst á frumkvæði kennaranna sjálfra. eTwinning hentar öllum kennslugreinum og er góð leið til þess að virkja nemendur.

Í stað beinna styrkja býður eTwinning endurgjaldslaust upp á vefumhverfi þar sem auðvelt er að finna samstarfsaðila og stofna til einfaldra samstarfsverkefna. Þannig fær hver kennari sitt eigið vefsvæði þar sem m.a. er hægt að leita samstarfsaðila. Þegar verkefni er komið á fót er boðið upp á öruggt vefsvæði þar sem samstarfskennarar og nemendur þeirra geta unnið verkefnið, skipst á skjölum, spjallað, o.s.frv. eTwinning veitir einnig frían aðgang að ýmsum rafrænum verkfærum, og landskrifstofan veitir stuðning og þjónustu endurgjaldslaust.

Einnig eru auglýstir ferðastyrkir fyrir kennara að sækja vinnustofur um kennslu og upplýsingatækni og veitt verðlaun fyrir góð verkefni bæði í Evrópu og á landsvísu.

## Markmið

- Styrkja tengsl milli skóla í Evrópu
- Auka vægi upplýsingatækni í kennslu
- Virkja nemendur og gefa þeim færi á að vinna með evrópskum jafnöldrum
- Efla vitund um Evrópu og skilning milli menningarheima
- Auka færni kennara á sviði upplýsingatækni

## Hverjir geta tekið þátt?

**Allir skólar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Engin takmörk eru á fjölda kennara frá hverjum skóla.**

